



þessum fyrirtækjum. Þeir bransar sem mest verða fyrir gjaldþrotum eru: verslun, flutningar, byggingafyrirtæki og fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki; [DST](#)


**Mesti fjöldi nauðungaruppbóða** í Danmörku síðan 1995. Í október fóru 423 fasteignir á nauðungaruppbóð í Danmörku. Í september var þessi tala 357 eignir; [DST](#)

**Vanskilahlutfall lána í bankakerfi Lettlands** jókst frá 13,8% af lánnum sem voru komin 90 daga fram yfir gjalddaga í ágúst og í 14,5% af lánnum í september. Í desember á síðasta ári var þetta hlutfall 3,6%.

**19,7%  
atvinnuleysi**

Heimili Lettlands ráða ekki lengur við afborganir af lánnum sínum. Landsframleiðsla Lettlands dróst saman um 18,7% á öðrum fjórðungi ársins miðað við sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi í Lettlandi mældist 19,7% í september. Fastgengi við evru, *evrufótur*, ríkir í Lettlandi. Smásala í landinu hefur dregist saman um 30,9% frá því í september í fyrra; [BBN](#)

**Meiri skuldir, minna lánstraust?** Hljómar þetta eðlilega? Já þetta er hárrétt lexía sem ætti að kenna í barnaskólum og ráðherrum ríkisstjórnar Íslands sem kenna þar réttindalausir um þessar mundir. Lánstraust Írlands var lækkað um tvo gíra í gær. Frá einkunni AA-plús beint í gegnum AA og niður í AA-mínus. Þetta er í annað skiptið sem lánstraust evrulandsins Írlands er lækkað á þessu ári. Ástæðurnar fyrir lækkun lánstrausts Írlands eru einfaldar: a) auknar skuldir b) minni tekjur (þ.e. samdráttur í landsframleiðslu) => *lélegri greiðslugeta*. Eigum við að taka þetta aftur?: a) auknar skuldir og b) minni tekjur og c) þar af leiðandi rýrnandi tekjustofnar ríkissjóðs sem þýðir minni greiðslugetu því d) skattatekjur lækka vegna þess að e) tekjur allra lækka og þá þarf að f) skera niður útgjöld ríkisins sem svo mun g) minnka landsframleiðslu ennþá meira. Svona hlutföll og keðjuverkanir vekja ekki meira traust hjá þeim sem lána út peninga. Þetta rýrir traust. Skuldir Írlands eru galhoppandi og munu hækka í 110% af tekjum landsins. Vaxtabyrðin vegna þessara skulda mun borða 15% af tekjum landsins á hverju ári. Þegar svona gerist munu lánadrottnar krefjast hærri áhættuþóknunar á lánnum til Írska ríkisins, því það varð lélegri pappír sökum neikvæðrar útkomu þessa barnaskólabókardæmis. Fjármálakreppan er alls ekki búin. Það er ennþá alls ekki útilokað að Írland þurfi að leita til AGS; [WSJ](#) | [CW](#)



*Miðvikudagur 4. nóvember 2009*

**Hrun Hróaskeldu banka** (Roskilde Bank) ætlar að reynast Dönunum dýrara en gert var ráð fyrir í upphafi. Nú er ljóst að hrun þessa banka mun verða afar dýrt fyrir danska skattgreiðendur. Þegar bankinn var tekinn yfir af danska seðlabankanum og neyðarvakt bankakerfisins, var skattgreiðendum lofað að þetta myndi ekki kosta þá eina krónu. En nú hefur komið í ljós að allt að 2.000 danskar krónur munu í versta falli lenda á hverjum skattgreiðenda í Danmörku. Almennungi finnst óréttlátt að þurfa að greiða fyrir mistök bankamanna og margir eru reiðir. Aðalástæðan fyrir því að bankinn var þjóðnýttur var sú að seðlabanki Danmerkur óttaðist að gjaldþrot hans myndi grafa undan "trausti" og stofna fastgengisstefnu dönsku krónunnar í hættu. Í fyrradag voru 15 stjórnendur



Roskilde Bank tilkynntir til lögreglunnar og ákæru á hendur þeim settar fram. Málsaðilar og þar á meðal ráðherrar rífast nú um hve mikið mun fást fyrir brunarústir bankans. Hér eru menn alls ekki sammála. Sumir segja að eignir dugi langt fyrir skuldum á meðan aðrir segja að hið gangstæða sé augljóst. Sérstaklega segir fjármálaeftirlitið, sem svaf á verðinum, að eignir bankans muni duga langt fyrir skuldum; [Børsen og TV2](#)

*Þriðjudagur 3. nóvember 2009*

**Söguspegillinn 31. október 1930; Dow 188.07 -2.66 (1,4%)**

*WSJ*; Þýskaland þreifur fyrir sér hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna um hvort frýsting á greiðslum stríðsskulda og stríðsskaðabóta til Bandamanna geti komið til greina. Þýskaland hefur ekki ennþá lýst yfir frýstingu greiðslna sem afleiðing af slæmu efnahagsástandi í landinu. En Bandamenn hafa sýnt nokkurn vilja til að endursemjja um greiðsluskilmála skyldi Þýskaland lýsa yfir stöðvun greiðslna. Bandaríkin halda þó fram að stríðsskuldir og stríðsskaðabætur séu tveir ólíkir hlutir og að ekki sé nauðsynlegt að endurskoða árlegar afborganir af skulum Þýskalands. Þær séu aðeins nokkur prósent af heildarfjárlögum þýska ríkisins á hverju ári; [News from 1930](#)



*Mánudagur 2. nóvember 2009*

**Þriðja aðvörun ársins** til Portúgal um lækkun mats á lánshæfni portúgalska ríkisins var gefin út af Moody's í síðustu viku. Lánshæfnismat Portúgal verður líklega lækkað vegna hægs en óstöðvanlegs brotthvarfs hagvaxtar í efnahag landsins. Moody's setti einnig lánshæfnismat Grikklands í endurskoðun sem gæti þýtt að lækkun á lánshæfnismati gríska ríkisins sé yfirvofandi. Litið er á þetta sem sterka aðvörun til minnihlutaríkisstjórnar Grikklands og merki um að fjárlagahalli og skuldastaða þar sé svo alvarleg að varla sé óhætt að lána þeim meiri peninga nema gegn hærri áhættuþóknun; [FT](#)

**Fjármálamiðstöðvar framtíðarinnar verða** helst ekki í

Evrópusambandinu ef marka má könnun meðal viðskiptavina *Bloomberg terminal service*, sem þjónustar helstu fjármálafyrirtæki heimsins. New York borg stóðst verstu fjármálakreppu síðastliðinna 7 áratuga, samkvæmt álitum fyrirtækja fjármálaheimsins. Borgin er og verður hin leiðandi fjármálamiðstöð alls heimsins áfram. Þar á eftir skipar sér Singapore í röðina sem næst mikilvægasti staður fjármálaþjónustu. London kom í þriðja sæti. En í London eru þó teikn á lofti því vogunarsjóðir yfirgefa borgina í miklum mæli vegna núverandi og komandi regluverks Evrópusambandsins. "Við trúum mest á að Bandaríkjamenn muni standa meira og betur uppi í hárinu á stjórnáráðmönnum og vinsældasýki þeirra (e. populism) en reyndin mun verða í Evrópusambandinu".

Vogunarsjóðsfyrirtæki flytja mikið frá Evrópusambandinu og yfir til Sviss.

Ráðgjafafyrirtækið Kinetic Partners LLP sagðist þannig hafa aðstoðað 32 fyrirtæki við að flytja starfsemi sína frá Bretlandi til Sviss. Í fjórða sæti í könnuninni kom Shanghai og svo Tokyo í fimmta sæti. Samkvæmt könnuninni verða bestu tækifærin til að þéna peninga í framtíðinni í Kína, Brasilíu og á Indlandi. [Bloomberg](#)



---

**SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA**

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>